



Reykjavík, 6. mars 2024
VEL24010032

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um þjónustu fyrir einstaklinga og börn í sorg

Þann 17. janúar 2024 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um þjónustu fyrir einstaklinga og börn í sorg:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvort Reykjavíkurborg sé með eitthvað sérstakt úrræði eða sérstaka verkferla fyrir einstaklinga og börn í sorg? Eru miðstöðvar borgarinnar með þjónustu fyrir fólk sem verður fyrir skyndilegum áföllum og missi s.s. að styðja við syrgjendur, veita ráðgjöf og fræðslu einstaklingslega eða með hópavinnu?

Svar

Velferðarsvið hefur ekki yfir að ráða sérstöku úrræði eða hefur gert sérstaka verkferla fyrir einstaklinga og börn í sorg. Miðstöðvar borgarinnar geta veitt fólki sem verður fyrir skyndilegum áföllum og missi stuðning og ráðgjöf en þá á grundvelli einstaklingsbundinna þjónustuparfa. Miðstöðvar hafa ekki boðið upp á hópavinnu fyrir syrgjendur.

Innan allra miðstöðva borgarinnar eru ákveðin viðbrögð þegar upp koma óvænt atvik t.d. í nærsamfélagi barna og þá í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Má þar nefna þegar um er að ræða óvænt andlát barna/ungmenna t.d. vegna slysa. Starfsfólk miðstöðva hefur á grundvelli einstaklingsmála einnig aflað sér sértækra þekkingar um sorg og sorgarviðbrögð t.d. þegar veita þarf börnum í líkandi eða lífslokameðferð þjónustu.

Vert er að benda á mikilvægt starf Sorgarmiðstöðvarinnar en markmið þeirra er að styðja við syrgjendur og alla þá sem vinna að velferð þeirra. Sorgarmiðstöðin veitir ýmsa þjónustu m.a. fræðslu, einstaklingsstuðning og hópastarf. Í fréttatilkynningu frá 29. janúar sl. frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu og félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu kemur fram að ráðuneytin hafi gert samning við Sorgarmiðstöðina um aukinn stuðning við syrgjendur í formi 43 m.kr. fjárframlags.

Sérstaklega er horft til þess að auka aðgengi að ráðgjafasamtölum, stuðningshópastarfi og jafningjastuðningi Sorgarmiðstöðvarinnar. Þá skal miðstöðin halda áfram að styðja við innleiðingu áfallamiðaðrar nálgunar í skólum og nærsamfélagi barna og efla kennara og umsjónaraðila barna í viðbrögðum við sorg og missi. Samkvæmt samningnum skal Sorgarmiðstöðin einnig bjóða upp á;



Reykjavík



- fræðsluerindi um sorg og sorgarviðbrögð barna í forvarnaskyni sem miðar að því að styrkja skóla-, íþróttá- og tómstundastarf í vinnu sinni með börnum í sorg,
- snemmtæka þjónustu þegar andlát hefur orðið í skólaumhverfinu, sem felst í því að fagaðilar veiti stjórnendum og starfsfólki í skólum stuðning, fræðslu og ráðgjöf innan 48 klukkustunda frá því að þjónustubeiðni berst,
- námskeið fyrir börn í sorg á aldrinum 6-15 ára hjá Sorgarmiðstöð þar sem foreldrar taka þátt í upphafi námskeiðs, fá fræðslu um sorg og sorgarviðbrögð og ýmis þjargráð,
- stuðningshópastarf fyrir foreldra barna.

Í samningnum er áhersla lögð á samvinnu við ríkið, sveitarfélög og fagfólk og að samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Fyrirhuguð er að Sorgarmiðstöðin kynni starfsemi sína fyrir ráðgjöfum á miðstöðvum velferðarsviðs en mikilvægt er að miðstöðvar leiti til Sorgarmiðstöðvarinnar eftir sértækri ráðgjöf og geti haft milligöngu um þjónustu við fjölskyldur og einstaklinga sé þess þörf.

